

Alþingi  
Erindi nr. B 120/1517  
komudagur 17/4 1996

Nefndardeild Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
105 Reykjavík

Ísafirði 15. apríl 1996

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum.**

Það er eindregin áskorun verkalýðsfélaganna á Vestfjörðum til þingmanna á hinu háa Alþingi að taka af dagskrá frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingar á vinnulöggjöfnni.

Hér er um að ræða frekleg afskipti af innri málum verkalýðsfélaga. Með samþykkt frumvarpsins er frumkvæði einstakra verkalýðsfélaga út um allt land afnumið. Lýðræðið sem verkalýðsfélögin tryggja sínu fólki með stuðningi þess samningsréttar sem núverandi vinnulöggjöf verndar, hefur verið sá hornsteinn sem okkar störf hafa hvílt á. Með þeim breytingum sem nú eru boðaðar á að færa svo mikið vald til ríkissáttasemjara að við liggur að leita þurfi samanburðar í einræðisríki sem við Íslendingar höfum hingað til ekki viljað taka mið af.

Með frumvarpinu eru grið rofin á því samstarfi sem unnið hefur verið eftir m.a. frá kjarasamningum 1990 (þjóðarsátt), sem af öllum hefur verið viðurkennt að bjargað hafi þessari þjóð frá efnahagslegu hrundi. Nú þegar árangur þessa þríhliða samstarfs sem ríkisstjórnir hafa verið þriðja hjólið undir, er að skila árangri sem m.a. lýsir sér í milljarðahagnaði fyrirtækja og bankastofnanna og sem einnig kemur fram í bættum hag ríkissjóðs, er engu líkara en setja eigi hér lög sem meini láglaunafólki, að geta neytt samstöðu til að rétta að einhverju leiti sinn hlut.

Með frumvarpinu er engu líkara en kaldri dulu sé kastað í andlit launafólks sem borgun fyrir fórnir sem þetta sama fólk færði til að rétta af efnahag þjóðfélagsins. Þetta verður ekki tekið öðruvísi en ríkisstjórn og Alþingi ætli að óbreyttu að lýsa yfir stríði á hendur samtökum launafólks.

Við biðjum um tíma til að vinna að bættum vinnubrögðum varðandi samskipti á vinnumarkaðinum að betri og skilvirkari afgreiðslu kjarasamninga í félögum og endurskoðun á beitingu verkfallsvopna. Þetta

verður að gerast með samstarfi aðila vinnumarkaðarins, sem síðan yrði fastmælum bundið með afskiptum löggjafans. Það verður aldrei friður með einhliða lagasetningu eins og hér er stefnt að. Auðvitað má með góðum vilja sníða burt verstu agnúa núverandi vinnulöggjafar. Verkalýðshreyfingin er fús til slíks samstarfs hvenær sem er.

Frumvarpið í núverandi mynd mundi torvelda mjög öll fagleg vinnubrögð við samningagerð og svipta almennum verkalýðsfélögum samningsrétti. Sjónarmið stærri hópa munu verða ofaná í kjarasamningum og mikil hætta á að sjónarmið fámennari starfsstétta yrðu fyrir borð borin.

Sá flókni og ruglingslegi máti sem gert er ráð fyrir við afgreiðslu kjarasamninga og boðun vinnustöðvunar nær engri átt. Einfaldur meirihluti eða aukinn í vissum tilfellum hlýtur að vera eðlilegur máti í þessum tilvikum og útilokað að hægt sé að setta sig við að þeir sem ekki neyta atkvæðaréttar síns, séu réttþærri en hinir sem taka þátt.

Við viljum benda á að til greina gæti komið að aðilar vinnumarkaðarins setji sér þær reglur að allar eða flestar starfsgreinar á sama vinnustað séu sameiginlega í samningsgerð og afgreiðslu kjarasamninga, svo keðjuverkandi árekstrar séu útilokaðir. Um það atriði og fleiri slík er affarabest að afgreiða í sátt við alla viðkomandi en ekki með valdboði frá löggjafanum.

Vonandi ber Alþingi gæfa til að taka þetta af dagskrá að sinni meðan leitað er farsælli lausna, með viðræðum verkalýðshreyfingarinnar og samtaka vinnuveitenda.

Undirrituð verkalýðsfélög á Vestfjörðum skora á félagsmálanefnd að leggja til að Alþingi taki af dagskrá frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur.

Virðingarfyllst.

Fh. Verkalýðsfélagsins BALDURS Ísafirði

Pétur Sigurðsson

Fh. Verkalýðs-og sjómannafélags Bolungavíkur

Ólafur Guðmundsson

Fh. Verkalýðs-og sjómannafélagið SUGANDI Suðureyri

Lilja Ragney Magnúsdóttir.

Fh. Verkalýðs-og sjómannafélags ÁLFTFIRÐINGA Súðavík

Ólafur Ragnarsson.

Fh. Sveinafélags Byggingamanna Ísafirði

Guðrún Harðardóttir

Fh. Verkalýðsfélagsins SKJALDAR Flateyri.

Ólafur Guðmundsson

Fh. Verkalýðsfélagsins BRYNJU Þingeyri

Stro. ~~undirritað.~~

Pétur Sigurðsson

Fh. Vélstjórafélags Ísafjarðar

Guðrún Þórunn Kristjánsson

Fh. Sjómannafélag Ísfirðinga

Þorvaldur Þorjónsson.